

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 7/2022, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 7/2022, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. fer Katrín Jakobsdóttir með stjórnarmálefni sem heyra undir matvælaráðuneytið og ber embættisheitið matvælaráðherra, um stundarsakir, meðan fjarvera Svandísar Svavarsdóttur, vegna veikinda, varir.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. janúar 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.